

Fundargerð

Höfundur: Þórdís Stella Erlingsdóttir

17. mars 2023

Tilvísun: 202302097

Efni: Forsamráð vegna vindmylla við Lagarfoss

Mætt:

- Jakob Gunnarsson og Þórdís Stella Erlingsdóttir frá Skipulagsstofnun
- Snævarr Örn Georgsson frá Eflu
- Magnús Kristjánsson og Þórhallur Halldórsson frá Orkusölnunni
- Lára Guðmundsdóttir og Ólöf Vilbergsdóttir frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands
- Sigurður Jónsson frá Múlaþingi
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson frá Náttúrufræðistofnun Íslands
- Sylvia Rakel Guðjónsdóttir og Sigurjón Njarðarson frá Orkustofnun

Fyrir var tekið:

Kynning á áformum Orkusölnunnar

- Snævarr Örn Georgsson frá Eflu verkfræðistofu kynnti áform um tvær vindmyllur við Lagarfoss, með allt að 9,9 MW uppsett afl.
- Þar kom fram að ætlunin væri ekki að fara yfir 9,9 MW heldur að hafa borð fyrir báru ef tækniframfarir verða á leiðinni. Ekki hefur endanlega verið ákveðið hvernig tegund af vindmyllum verði valin.
- Orkusalan áætlað að skila matsáætlun til Skipulagsstofnunar fljótlega en umhverfismatskýrslu ekki fyrr en 2024 vegna fuglarannsóknna.

Staða skipulags

- Byrjað var að vinna breytingar á deiliskipulagi en Múlaþing vill að umhverfismatsferlinu verði lokið fyrst skv. Snævarri.
- Fram kom hjá Sigurði Jónssyni skipulagsfulltrúa Múlaþings að vilji væri hjá sveitarfélaginu að gera breytingar á aðalskipulagi vegna þessarar framkvæmdar og að möguleiki eigi að vera á að málsmeðferð vegna skipulagsbreytingarinnar og umhverfismatsins yrði sameiginleg. Á fundinum var þó ekki tekin endanleg afstaða til þessa atriðis en Skipulagsstofnun benti á mikilvægi samnýtingar gagna
- Múlaþing áttlar að vera í sambandi við svæðisskipulagsnefnd vegna aðalskipulagsbreytinga tengdum þessari framkvæmd, vegna þess að ekki hefur verið mörkuð skýr stefna í vindorkumálum í svæðisskipulagi Austurlands.

Sameining skýrslugerðar og kynningar samkvæmt skipulagslöggjöf sbr. 9. gr. laga nr. 111/2021

- Það kemur til greina að samkeyra kynningu á framkvæmdinni og skipulagsbreytingu.

Áherslur í umhverfismati

Fuglalíf

- Náttúrustofa Austurlands mun sjá um fuglarannsóknir á svæðinu frá mars-október 2023. Farið verður í tvær vettvangsferðir til að kanna meðal annars búsvæði fugla og umferð þeirra um svæðið. Rannsóknarsvæðið verður 500 m radíus frá fyrirhuguðum vindmyllum.
- Skipulagsstofnun benti á að í álitum stofnunarinnar um matsáætlun vegna vindorkugarða hafi verið sett skilyrði um tveggja ára sjónarhólsrannsóknir til þess að fá samanburð milli ára en þessi framkvæmd væri þó mun minni í sniðum.
- Kristinn hjá Náttúrufræðistofnun Íslands tók undir mikilvægi samanburðar og taldi líklegt að stofnunin myndi leggja til tveggja ára sjónarhólsrannsóknir í væntanlegri umsögn sinni um matsáætlun.
- Snævarr gerði grein fyrir viðmiðum Naturescot til stuðnings því hvernig fuglarannsóknnum verður háttað fyrir þessa framkvæmd og telur framkvæmdaraðili ekki þörf á radarmælingum miðað við þau viðmið en NÍ benti á í umsögn sinni við matsskyldufyrirspurnina að fara ætti í radarmælingar á þessu svæði.
- Kristinn hjá Náttúrufræðistofnun Íslands sagði að grunnþekkingin á fuglalífinu hér á Íslandi væri minni en í t.d Danmörku og öðrum nágrannalöndum og því eigi fyrrnefnd viðmið ekki að öllu leyti við hér á landi. Fjölfarin flugleið fugla sé við fljótið þar sem vindmyllurnar verða staðsettar og þar sé meðal annars að finna Lóm sem sé alfriðaður.

Landslag og ásýnd

- Snævarr sýndi ásýndarmyndir ásamt punktum fyrir ásýndarmyndir.
- Kristinn hjá Náttúrufræðistofnun Íslands benti á að á Hellisheiði væri ásýndarsjónarhorn sem ætti líka að skoða.
- Skipulagsstofnun benti á að mikilvægt væri að vegir og örnefni sæjust líka á ásýndarkortinu.
- Ólöf Vilbergsdóttir hjá Heilbrigðiseftirliti Austurlands benti á að ásýndarmyndir ættu að vera teknar að sumri til og var Snævarr sammála því og það verði gert.

Ferðabjónusta og ferðamenn

- Snævarr benti á að ferðamannaumfjöllunin væri nátengd ásýndinni og verður umfjöllunin byggð á fyrirliggjandi gögnum. Framkvæmdaraðili hyggst byggja sína umfjöllun t.d á könnun sem gerð var vegna vindmylla á Hafinu.

Efnistaka

- Allt efni fyrir framkvæmdirnar verður fengið úr Litlubakkanámu (E54) og er hún í umhverfismati núna.

Hljóðvist

- Gera á nýtt hljóðkort vegna þeirra tækniframfara sem orðið hafa í vindmyllum á síðustu árum og það uppfært frá matsskyldufyrirspurninni.

Valkostir

- Skipulagsstofnun benti á mikilvægi valkostaumfjöllunar í umhverfismati. Umfjöllun ætti að taka til hvernig framlagðir valkostir komu til. Valkostir geta falist í minni orkuframleiðslu, ólíkri hæð vindmylla o.s.frv.

Frágangur

- Skipulagsstofnun benti framkvæmdaraðila á að í matsáætlun þyrfti að vera umfjöllun um frágang og niðurrif sbr. 25 ára líftíma vindmylla.

Fundi slitið